



Héraðsskjalasafn Akraness

2018 – ársskýrsla



HÉRAÐSSKJALASAFN AKRANESS
AKRANES MUNICIPAL ARCHIVES

Héraðsskjalasafn Akraness er sjálfstætt opinbert skjalasafn sem lýtur faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands og er rekið af Akraneskaupstað. Héraðsskjalasöfn starfar skv. lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994. Umdæmi safnsins er Akraneskaupstaður.

Hlutverk héraðsskjalasafna er söfnun, innheimta, skráning og varanleg varðveisla skjala og annarra heimilda er tengjast héraðinu til notkunar fyrir stjórnendur og starfsmenn sveitarfélaga og stofnanna þeirra svo og fyrir einstaklinga. Þetta er gert til þess að tryggja hagsmuni og réttindi bæði opinberra aðila og einstaklinga og einnig til notkunar við fræðilegar rannsóknir á sögu svæðisins. Héraðsskjalasöfnum ber einnig að annast eftirlit og ráðgjöf varðandi skjalavörslu.

Héraðsskjalasafnið tekur einnig til varðveislu skjöl einstaklinga, félaga og fyrirtækja kaupstaðarins. Skjöl sem berast frá einstaklingum eru t.d. sendibréf, dagbækur, greinar, frásögur og ljósmyndir. Félög og fyrirtæki afhenda t.d. fundargerðarbækur, bréfasöfn, afmælisrit og bókhaldsgögn.

Á safninu unnu 3 starfsmenn í 2 stöðugildum árið 2018.

Eitt veigamesta hlutverk héraðsskjalasafnsins er að útbúa og varðveita stafræn eintök af mikilvægustu skjölum Akraneskaupstaðar. Á árinu hófst stafræn, leitarbær endurgerð elstu fundargerðabóka Akraneskaupstaðar. Sú fyrsta er gjörðabók hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps og bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar frá 1940-1945.

Skönnun og innsláttur var í höndum tveggja starfsmanna í úrræði hjá Virk. Skráning, utanumhald og miðlun er og verður í höndum starfsfólks héraðsskjalasafns.

Héraðsskjalasafn Akraness leggur áherslu á að koma öllum fundargerðabókum Akraneskaupstaðar á stafrænt, leitarbært form og árið 2018 voru fyrstu skrefin stigin í því. Í framhaldinu verður unnið að því að koma öðrum mikilvægum skjölum á stafrænt form, t.d. elstu skjölum Ytri -Akraneshrepps og brunavirðingabókum.

Vinna við elstu skjöl bæjarins og fundargerðarbækur er nákvæmnisvinna sem er mjög tímafrek. Ljóst er að ef vel á að sinna þessu hlutverki héraðsskjalasafnsins þá þarf meiri mannafla til.

Þvarp

Ólafs B. Björnssonar á fimta bæjarstjórnar -
fund. 26. janúar 1942.

"Ég leit og íg tók að gegna skyldum mínum sem forseti hinna fyrstu bæjarstjórnar á Akranesi, vil ég þakka þeim heitum sem fessi virðulega samkomu hefja mér með því sént, að kjósa mig til hins ábyrgðarmikla starfs. Mér ljóst að þetta starf er vandasamt, og vafalaust samþakklátt. Ég vildi því þóttu gótt, mega veita stjórnungráttar og leit beinlínis í hinum ýmsu vandamálum og verkefnum sem liggja þar. Það er þó margt hafi verið gott heit á sit-
uðu árinu, er að allum ljóst að margt er ógert, og mikil verkefni sem bita vor. Því nýja skipulag, him nýja tími, skapar ný verk-
efni, krefst mikilla átaka, til þess að mið-
"nalkub á leit." Það veltur því á miklu hvem-
ig ver leggjum grundvallinn. Því aðvælega
vi tákum starf vort. Vi sköpum með því
fordomi til góts eða illa.

Hinnaminn eru illir og órátnir, vandinn því
miklum mun mér en oft stur. Það er því
eldri tími til að leggja ávar i bál eða gefa
upp. Ég vana að vi tákum á verkefnum
með karlmannlegri festu og einbeittu, en þó
fyrst og síðast með skilungr og velvilja. Ef
eða verður, má veita nokkurs ávargu
þess vort ungra. Fagra bæjarfélag í brót
og leugd."

Ólafur Björnsson

Hér til vinstri er ávarp Ólafs B.
Björnssonar, forseta fyrstu
bæjarstjórnar
Akraneskaupstaðar. Dagsett
þann 26. janúar 1942.

Eftirlit og ráðgjöf

Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 kveða á um eftirlitsskyldu opinberra skjalasafna með þeim stofnunum sem eru skilaskyldar á skjöl sín.

Miklum tíma var varið í eftirlit og ráðgjöf með skjalavörslu sveitarfélaga og stofnana þeirra á árinu. Alls voru 15 stofnanir heimsóttar á árinu og unnin drög að skjalavistunaráætlunum með forstöðumönnum þeirra. Þegar hefur náðst að samþykkja 7 þeirra og stefnt er að því að samþykkja þær sem eftir er í byrjun árs 2019.

Þrír leikskólar sóttu um staðfestingu á skjalavistunaráætlunum, en í öllum tilfellum voru áætlanirnar unnar af starfsmönnum héraðsskjalasafnsins í samvinnu við stjórnendur leikskóla. Gerð skjalavistunaráætlana leikskólanna nær aftur til ársins 2013, en þá var samþykkt fyrsta skjalavistunaráætlun leikskólanna fjögurra. Skjalavistunaráætlanir fyrir grunnskóla er næsta stóra verkefnið, en vinna er þegar hafin í góðri samvinnu við stjórnendur beggja skólanna.

Bætt skjalavarsla á sveitastjórnarstiginu er samvinnuverkefni skjalamyndara og starfsmanna héraðsskjalasafns. Samvinnan tryggir vissa samfelli í embættisfærslu, málsmeðferð og þjónustan sem sveitarfélög veita íbúum verður í kjölfarið enn betri. Þessi samvinna tryggir að skráning, meðferð og frágangur á skjölum sé í samræmi við staðla þar sem tekið er tillit til leitarbærni, aðgangs og öryggissjónarmiða.

Persónuverndarstefna Héraðsskjalasafns Akraness var lögð fram til kynningar fyrir bæjarráð þann 12. júlí og tók gildi þann 15. júlí. Hún er hluti af innleiðingu nýrra persónuverndarlaga sem tóku gildi í júlí 2018.

Námskeið, fundir og ráðstefnur

Árlegur vorfundur Þjóðskjalasafns Íslands var haldinn dagana 12.-13. apríl 2018. Þar var rædd starfsemi héraðsskjalasafnanna, rafræn langtímaskjalavarsla, umbúðakaup, úthlutun rekstrarstyrkja, miðlun gagna, ráðgjöf til skjalamyndara o.fl.

Norrænir skjaladagar voru í Reykjavík 24.-25.maí. Starfsmenn sóttu ráðsefnuna og höfðu gaman af. Á ráðstefnunni voru fluttir um 80 fyrirlestrar um rafræna skjalavörslu, miðlun, rannsóknir, notendapjónustu, einkaskjalasöfn, nýja persónulöggjöf, aðfangastefnu, varðveislu og grisjun og hlutverk skjalasafna í nútímanum. Fyrirlesarar eru helstu sérfræðingar Norðurlandanna í skjalavörslu og skjalastjórn. Norrænir skjaladagar eru haldnir annað hvert ár og eru til skiptis á Íslandi, í Kaupmannahöfn, í Færeyjum og á Grænlandi. Næsta ráðstefna verður árið 2020 í Færeyjum.

Héraðsskjalaverðir fóru í námsferð til Edinborgar í lok september ásamt góðum hópi fólks úr stéttinni. Heimsótt voru National Archives of Scotland og Historical Environmental Scotland ásamt fleiri söfnum og menningarminjum.

Samstarf

Mikið og öflugt samstarf er á milli héraðsskjalasafnanna, og þá helst þeirra stærstu. Myndaður var samstarfshópur héraðsskjalasafna vegna persónuverndar og að honum komu 5 héraðsskjalasöfn.

Starfsmenn flestra héraðsskjalasafna tóku þátt í persónuverndardeginum 1. desember 2017. Í framhaldani tóku starfsmenn héraðsskjalasafnanna á Akranesi, Höfn í Hornafirði, Kópavogi og Mosfellsbæ auk Héraðsskjalasafns Árnesinga saman höndum um að vinna sameiginlega drög að gerð vinnsluskráa, áhættumats og persónuverndarstefnu.

Þessi vinna hófst í ársbyrjun 2018 og samhliða var haft samband við lögfræðingateymi Sambands íslenskra sveitarfélaga og var unnið með teyminu í janúar og febrúar. Þann 8. mars stóð hópurn sítan fyrir málstofu í Mosfellsbæ sem var streymt á You Tube og öllum héraðsskjalasöfnum gefinn kostur á að taka þátt. Telma Halldórsdóttir lögfræðingur SÍS flutti erindi um gildi persónuverndarlöggjafarinnar og áhrif hennar á sveitarfélögin, Unnur Ingólfssdóttir félagsmálastjóri Mosfellsbæjar og Linda Udengaard fræðslustjóri Mosfellsbæjar fjölluðu um greiningarvinnu á skjölum sem heyra undir persónuverndarlögin, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður fjallaði um persónuvernd út frá lögum um opinber skjalasöfn og Þorsteinn Tryggvi ræddi stofnun hópsins, tilgang þeirrar vinnu sem var framundan hjá skjalasöfnunum og þau tækifæri sem eru til staðar fyrir opinber skjalasöfn í ljósi þessarar miklu umfjöllunar sem átti sér stað um persónuvernd og skjalavörslu. Í kjölfar fundarins ákváðu forstöðumenn þessara safna að fara í enn frekara samstarf í tengslum við eftirlits- og ráðgjafahlutverk safnanna, yfirfara verkferla m.t.t. staðla og nýrrar persónuverndarlöggjafar, sammælast um aðgerðaráætlun vegna langtímavörslu rafrænna skjala o.fl. Hluti þessarar vinnu fór af stað á árinu og líkur standa til að þessari vinnu verði formlega hrundið af stað á fyrsta ársfjórðungi 2019. Héraðsskjalavörður bindur miklar vonir við þetta samstarf sem mun án efa efla þessi söfn faglega um leið og þau verða betur búin til þess að takast á hendur við mörg af þeim stóru verkefnum sem eru framundan. Samráðshópur opinberra skjalasafna fundaði þrisvar sinnum á árinu vegna fundar opinberra skjalasafna, eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns með héraðsskjalasöfnunum og vegna skiptingar á ríkisframlagi milli héraðsskjalasafnanna. Deilur vegna eftirlitsskýrslanna og framsetningar á niðurstöðum settu svip sinn á samskipti safnanna við Þjóðskjalasafn á haustmánuðum og þá var deilt um skiptingu á ríkisframlagi til héraðsskjalasafna en fulltrúar voru og eru ósammála um skiptingu. Ákvörðun þjóðskjalavaraðar í þessu máli var ómálefnaleg og ekki til þess fallin að styrkja minnstu skjalasöfnin. Þorsteinn Tryggvi var skipaður í hópinn í ársbyrjun til tveggja ára. (Þorsteinn Tryggvi Mátsson, *Ársskýrsla 2018: Héraðsskjalasafn Árnesinga 2018, 2019*).

Starfsemi og aðbúnaður

Starfsemi héraðsskjalasafnsins árið 2018 var að mestu leyti með hefðbundnum hætti. Unnið er samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 sem marka opinberum skjalasöfnum ákveðna stefnu er varða grunnstarfsemi safnanna eins og móttöku skjala, eftirlit með skilaskildum aðilum, móttöku einkaskjalasafna, skráningu skjala, aðgengi og aðgengistakmarkanir auk hverskyns miðlunar á safnkostinum.

Skráning fyrirspurna var með sama hætti og undanfarin ár. Þessar upplýsingar hafa nú verið teknar skipulega saman frá árinu 2012 og gefa góða mynd af því hvernig þjónustuhlutverk skjalasafnsins gagnvart stofnunum, ríki og almenningi hefur vaxið. Þá gefa þessar upplýsingar vísbendingar um hvaða skjöl og skjalasöfn þarf að afrita til að tryggja betur vörslu frumrita sem og upplýsingar um hvaða skjöl eða skjalaflokkum æskilegt væri að miðla með rafrænum hætti. Mikilvæg skref hafa þegar verið stigin varðandi miðlun í tengslum við ljósmyndaverkefni skjalasafnsins og miðlun á ljósmyndum á ljósmyndasafn.akranes.is. Aðfangastefna héraðsskjalasafnsins markast fyrst og fremst af lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994. Vinna við nýja reglugerð er hafin og verður fróðlegt að sjá með hvaða hætti kveðið verður á um skilaskyldu ýmissa félagasamtaka í nýrri reglugerð.

Haldið var áfram að skrá eldri afhendingar í samræmi við alþjóðlega staðla, ISAD-G og ISAAR sem gefnir eru út af Alþjóðlega skjalaráðinu ICA. Staðlarnir taka m.a. til skjalaskráningar, upplýsinga um skjalamyndara og þau skjöl sem tilheyra viðkomandi afhendingarnúmeri. Þessar upplýsingar eru settar fram í greinargerð sem fylgir hverri afhendingu.

Endurskipulagning í skjalageymslu safnsins og frumfrágangi á eldri afhendingum sem hófst árið 2017 hélt áfram á árinu. Verkefnið er mjög umfangsmikið og nauðsynlegt þegar horft er til frum- og endurskráningar á safnkostinum. Ávinningur af þessari vinnu er margþættur, fyllra yfirlit fæst yfir safnkostinn, fjöldi afhendinga verður ljós sem og ástand skjala í einstökum afhendingum auk þess sem öll leit verður einfaldari. Nú stemma afhendingar við afhendingarnúmer. Dæmi eru um að eitt og sama afhendingarnúmer hafi verið notað á afhendingar ólíkra skjalamyndara en það samræmist ekki þeim kröfum sem settar eru fram í fyrrnefndum stöðlum. Skipulega færð aðfangabók, vönduð skjalaskráning og endurskráning eldri afhendinga eru lykill að því að gera skjalasafnið enn aðgengilegra almenningi og stjórnvöldum.

Þekking starfsmanna á safnkostinum, á innra samhengi afhendinga, á stjórnslunni o.s.frv. er lykillinn að því að geta svarað mörgum fyrirspurnum en þessa þekkingu er ekki hægt að nálgast með öðrum hætti en hjá starfsmönnum sjálfum.

Tölfræði

Samþykktar skjalavistunaráætlanir á árinu: 7 skjalavistunaráætlanir voru samþykktar á árinu og eru 8 í vinnslu og er áætlað að klára þær árið 2019.

Afhendingar : 37 (frá 53 skjalamyndurum), þar af voru 14 afhendingar opinber skjalasöfn (alls 26 skjalamyndarar).

Á árinu náðist að skrá rúmlega helming afhendinga ársins, alls 30 skjalasöfn, auk þess sem eldri afhendingar voru skráðar.

Skráðir hillumetrar á árinu : 60 hm.

Talning í geymslum á óskráðum, vanskráðum afhendingum = **350,9 hm.**

Ljósmyndasafn Akraness

Starfsemi Ljósmyndasafns var með hefðbundnum hætti. Vikulegir greiningarfundir safnsins í Svöfusal héldu áfram sem fyrr og gestum fjölgaði lítið eitt. Almennur bætir þar við sagnabrunn Skagamanna með skráningu heimilda sem felast í lífi og minni þeirra og kviknar við skoðun ljósmyndanna.

Tölfræðiupplýsingar frá Ljósmyndasafni Akraness:

| Innsendar upplýsingar gegnum heimasíðu | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|--|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|-------|--|
| 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2020 | Alls: | |
| | 117 | 413 | 87 | 85 | 55 | 26 | 98 | 43 | 27 | 44 | 75 | 51 | 35 | 284 | 72 | | 1512 | |
| 39 | 147 | 124 | 0 | 7 | 62 | 47 | 75 | 68 | 37 | 56 | 243 | 97 | 49 | 149 | 61 | | 1261 | |
| 219 | 84 | 81 | 90 | 51 | 46 | 60 | 34 | 58 | 41 | 26 | 145 | 96 | 75 | 104 | 122 | | 1332 | |
| 225 | 173 | 90 | 286 | 56 | 49 | 21 | 26 | 23 | 58 | 79 | 137 | 61 | 88 | 70 | 79 | | 1521 | |
| 223 | 129 | 99 | 175 | 45 | 50 | 31 | 32 | 20 | 42 | 43 | 74 | 86 | 63 | 38 | 8 | | 1158 | |
| 242 | 68 | 124 | 144 | 71 | 21 | 38 | 244 | 26 | 60 | 58 | 50 | 45 | 21 | 37 | 21 | | 1270 | |
| 234 | 90 | 116 | 85 | 27 | 41 | 60 | 91 | 28 | 29 | 67 | 17 | 18 | 16 | 18 | 12 | | 949 | |
| 150 | 74 | 52 | 63 | 42 | 15 | 38 | 15 | 59 | 52 | 85 | 71 | 29 | 53 | 14 | 9 | | 821 | |
| 229 | 216 | 100 | 80 | 78 | 39 | 95 | 48 | 32 | 39 | 58 | 81 | 76 | 80 | 38 | 53 | | 1342 | |
| 225 | 196 | 178 | 106 | 44 | 41 | 47 | 21 | 49 | 43 | 35 | 52 | 54 | 104 | 43 | 35 | | 1273 | |
| 335 | 145 | 169 | 60 | 37 | 40 | 104 | 29 | 61 | 46 | 44 | 70 | 55 | 61 | 127 | 21 | | 1404 | |
| 201 | 201 | 118 | 20 | 33 | 21 | 38 | 29 | 39 | 96 | 160 | 41 | 48 | 66 | 23 | 26 | | 1160 | |
| 2322 | 1640 | 1664 | 1196 | 576 | 480 | 605 | 742 | 506 | 570 | 755 | 1056 | 716 | 711 | 945 | 519 | 0 | 15003 | |

| Myndir settar á vef Ljósmyndasafns Akraness | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|-------|--|--|
| | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | Alls: | | |
| Janúar | | 52 | 125 | 186 | 402 | 431 | 125 | 427 | 525 | 257 | 281 | 158 | | | | 2969 | | |
| Febrúar | | 173 | 44 | 714 | 182 | 564 | 497 | 397 | 421 | 460 | 193 | 494 | | | | 4139 | | |
| Mars | 241 | 0 | 0 | 147 | 459 | 400 | 350 | 495 | 767 | 198 | 441 | 176 | | | | 3674 | | |
| Apríl | 0 | 0 | 0 | 177 | 261 | 341 | 157 | 845 | 482 | 134 | 474 | 136 | | | | 3007 | | |
| Maí | 40 | 1 | 305 | 0 | 306 | 358 | 351 | 177 | 218 | 247 | 365 | 262 | | | | 2630 | | |
| Júní | 109 | 73 | 24 | 100 | 35 | 175 | 523 | 436 | 422 | 358 | 209 | 127 | | | | 2591 | | |
| Júlí | 4 | 44 | 0 | 255 | 308 | 0 | 163 | 168 | 56 | 200 | 95 | 188 | | | | 1481 | | |
| Ágúst | 1 | 0 | 0 | 322 | 438 | 322 | 252 | 666 | 128 | 173 | 195 | 195 | | | | 2692 | | |
| September | 14 | 28 | 0 | 138 | 332 | 156 | 332 | 488 | 470 | 395 | 253 | 283 | | | | 2889 | | |
| Október | 21 | 2 | 0 | 0 | 269 | 104 | 283 | 309 | 433 | 289 | 426 | 308 | | | | 2444 | | |
| Nóvember | 83 | 6 | 0 | 253 | 255 | 231 | 338 | 717 | 508 | 409 | 255 | 285 | | | | 3340 | | |
| Desember | 59 | 0 | 0 | 573 | 287 | 512 | 666 | 1221 | 594 | 570 | 142 | 143 | | | | 4767 | | |
| Alls: | 2755 | 379 | 498 | 2865 | 3534 | 3594 | 4037 | 6346 | 5024 | 3690 | 3329 | 2755 | | 0 | 0 | 36623 | | |

| | Afhendingar | | | | | | | | | | | | | | | | |
|--------------|-------------|-----------|-----------|--|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|--|------------|
| | 2016 | 2017 | 2018 | | | | | | | | | | | | | | Alls: |
| Janúar | 4 | 2 | 3 | | | | | | | | | | | | | | 9 |
| Febrúar | 4 | 3 | 4 | | | | | | | | | | | | | | 11 |
| Mars | 4 | 2 | 3 | | | | | | | | | | | | | | 9 |
| Apríl | 4 | 4 | 6 | | | | | | | | | | | | | | 14 |
| Mái | 16 | | | | | | | | | | | | | | | | 16 |
| Júní | 4 | 2 | 1 | | | | | | | | | | | | | | 7 |
| Júlí | | | | | | | | | | | | | | | | | 0 |
| Ágúst | 2 | 2 | 2 | | | | | | | | | | | | | | 6 |
| September | 3 | 2 | 3 | | | | | | | | | | | | | | 8 |
| Október | 7 | 5 | 5 | | | | | | | | | | | | | | 17 |
| Nóvember | 4 | 6 | 2 | | | | | | | | | | | | | | 12 |
| Desember | 4 | 1 | | | | | | | | | | | | | | | 5 |
| Alls: | 56 | 29 | 29 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 114 |

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir
héraðsskjalavörður